

258 Stjórnarfundur 18.10.2017

Skrifstofa Brautarholti kl: 14:30, mættir eru Guðrún (starfsmaður) Stefán, Njáll, Ásgeir, Lalli, Magnús S, Jón Pétursson, Hermann Sigurðsson(frkvstj).

1. Fundargerð síðasta fundar

samþykkt.

2. Inntaka nýrra félaga

Engar formlegar umsóknir.

3. Starfið milli funda

- farið var yfir þau mál sem eru í höndum Guðna lögfræðings er varða félagsmenn sem eru ekki að fá greitt eftir kjarasamningi. Einnig var rætt um mál er tengist brottrekstri. Hver er staða LSS gagnvart þessum málum og er ætlunin að styrkja félagsmenn við uppsögn.
- fundur var haldinn með tveimur starfsmönnum Sambandi íslenskra sveitafélaga vegna Starfsmenntunarsjóðs. Farið var yfir stöðu mála ásamt því að stefna á að koma á skýrari vinnuferlum í gang.
- haldinn var fundur varðandi stöðu mála á sjúkraflutningum á Ólafsvík. Örn frá HSS, Lárus og Stefán voru á fundinum.
- farið var yfir 6 mánaðar uppgjör félagssjóðs.
- óskað er eftir fundi með samstarfsnefnd v.málefni er varða aðstoðavarðstjóra hjá BS, leiðréttingu á launum aftur í tímann.

4. Framkvæmdarstjóri

Hermann mun hefja starf eigi síðar en 1.desember 2017.

5. Akstursbréf

Njáll fór yfir hvernig hægt er að bæta hæfni starfsmanna á forgangsakstri. LSS mun stofna vinnuhóp til að safna saman upplýsingum um þetta málefni, tillaga kom að Þórður Bogason starfsmaður SHS myndi leiða hópinn. Ákveðið var að skipa hópinn einum fulltrúa frá fagdeild sjúkraflutninga og einum frá fagdeild slökkvliða. Mun hópurinn vinna að tillögum að menntun á forgangsakstri. LSS mun leiða þetta áfram og í framhaldi myndi skoðuð aðkomu fleirri að vinnuhópnum. Sent verður erindisbréf á vinnuhópinn og stefnt verður að því að skila tillögum fyrir næsta aðalþing LSS. Mikilvægt er að hafa markmiðið skýr. Tillaga kom að vinnuveitendur myndu koma að þessu verkefni með að setja menn á vakt í verkefnið. Kanna þarf innleiðingu á akstursöryggismyndavélum í bílum.

6. Stefnumótun LSS

MSS fór yfir þá stefnumótun sem hann er að vinna að fyrir LSS. Tilgangur var að kanna hversu mörg hlutverk eru innan LSS. Það skortir starfslýsingar og vinnuferla fyrir starfsmenn félagsins. Einnig eru engir ráðningasamningar fyrir hendi. Mennt hafa verið skipaðir í nefndir en engin erindisbréf eru til. Hermann mun taka á þessum málum. Takmarkið er að klára þetta fyrir stjórn og starfsmenn fyrir næsta þing sem er í apríl 2018.

7. Tryggingasjóður

MSS sagði að staðan væri í raun óbreytt. Það er verið að útbúa leiðbeiningar v.tilkynningar á slysum.

8. Orlofsmál

- a. Munaðarnes – þarf að taka innihurðar í gegn þar. Verið er að bíða eftir tilboði frá verktaka í Bogarnesi. Það kom tillaga að opna betur á milli bústaðina og einnig að endurnýja borðstofuhúsgögn.
- b. Stefán og Hulda munu mæta á fund sem ROM heldur þann 3.nóv í Munaðarnesi.
- c. Grandavegur – merkja þarf bílastæðin LSS og klára umgengisreglurnar. Laga þarf hurð ásamt rúðu sem er brotin. Ganga frá svölunum og kaupa húsgögn.
- d. Stefnnd er að því að halda fund með orlofsnefnd fyrir næsta stjórnarfund.

9. Fagdeild sjúkraflutninga/slökkviliðsmanna

- Mikil ánægja er með vel heppnaða ráðstefnuna sem var haldin dagana 13-14. október sl. Formönnum deildanna var þakkað fyrir vel unnin störf.
- Staðan er óbreytt varðandi vinnuferlana

10. Önnur mál

- farið var yfir starfið á skrifstofunni.
- Eldvarnaátakið 2018 er allt á áætlun.
- farið verður í að safna netföngum félagsmanna.
- EUFFA ráðstefnan er 23-25. nóvember, Jón Pétursson ætlar að skoða málið með hvort verður farið á hana.
- Unnið verður í því að fá prókúru, aðgang að fjármálum fyrir Hermann.
- Næsti stjórnarfundur verður 17.nóvember kl. 10:00